

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 18. desember 1997.

Gunnar G. Þorsteinsson.

REGLUR

um Gunnarsstofnun, Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri.

1. gr.

Gunnarsstofnun starfar á grundvelli gjafabréfs Gunnars Gunnarssonar skálds og Franziscu Gunnarsson, konu hans, frá 11. desember 1948.

2. gr.

Hlutverk Gunnarsstofnunar er:

1. Að leggja rækt við bókmenntir með áherslu á ritverk og ævi Gunnars Gunnarssonar.
2. Að reka dvalarstað fyrir lista- og fræðimenn.
3. Að stuðla að atvinnuþróun á Austurlandi.
4. Að efla rannsóknir á austfirskum fræðum.
5. Að stuðla að alþjóðlegum menningartengslum á verksviði sínu.
6. Að standa fyrir sýningum og öðrum listviðburðum.

3. gr.

Gunnarsstofnun lýtur stjórn þriggja manna, sem menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn.

Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af Safnastofnun Austurlands, annar af Atvinnuþróunarfélagi Austurlands. Hinn þriðji skal skipaður án tilnefningar og er hann formaður stjórnar.

Stjórnin ræður forstöðumann og setur honum erindisbréf.

Stjórnin setur stofnuninni markmið til fimm ára í senn og gerir áætlun um meginþætti starfseminnar ásamt kostnaðarmati.

Stjórnin gerir árlega fjárhags- og starfsáætlun. Skal hún send menntamálaráðuneytinu fyrir lok marsmánaðar ár hvert ásamt drögum að starfsáætlun næsta árs, skýrslu um starfsemi liðins árs og ársreikningi endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Samrit endurskoðaðs ársreiknings skal sent ríkisendurskoðun.

4. gr.

Markmiðum stofnunarinnar skal náð á grundvelli samnings milli menntamálaráðuneytisins og Gunnarsstofnunar. Skal þar kveðið á um kostnaðarhlutdeild ríkisins í rekstrar- og viðhaldskostnaði húsakosts. Miðað skal við að ríkissjóður greiði laun forstöðumanns og stjórnar en stofnunin afli sjálf tekna til rekstrarins að öðru leyti.

Menntamálaráðuneytinu, 9. desember 1997.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.